

## Vinnuferli þegar upp kemur GRUNUR UM EINELTI



Umsjónarkennari skráir tilkynningu á þar til gert eyðublað og skilar því til námsráðgjafa.  
**Eineltisteymi** fer yfir allar tilkynningar.

Nemandi/foreldri/starfsmaður tilkynnir um einelti til umsjónarkennara.

**Umsjónarkennari** notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar um grun um einelti.

Umsjónarkennari hefur samband við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda, þ.e. alla kennara sem kenna bóklegar og verklegar greinar ásamt stuðningsfulltrúum, starfsfólk í íþróttahúsi, mötuneyti og í félagsmiðstöðinni til þess að láta það vita og óskar eftir því að það fylgist með.

Gátlisti

- Ræðir við þolanda
- Ræðir við meinta gerendur
- Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans
- Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum
- Ræðir við foreldra þolanda
- Ræðir við foreldra meints geranda
- Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn

Verði niðurstaðan sú að um einelti sé að ræða fer eftirfarandi ferli í gang:

### Eineltisteymi Klébergsskóla

Eineltisteymi fundar reglulega. Það heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála. Veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þeirra.

Í eineltisteyminu eru námsráðgjafi og tveir kennarar.

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu.
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda og gerenda.
- Fundur með bekknum um einelti og samskipti.
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra.

Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs.